

Alþingi
Erindi nr. P 132/897
komudagur 17.2.2006



HÁSKÓLI ÍSLANDS

MÁLVIŚINDASTOFNUN

Reykjavík, 17. febrúar 2006

Umsögn Málvísindastofnunar Háskóla Íslands um frumvarp til laga um Ríkisútvarpið hf.

Málvísindastofnun Háskóla Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um Ríkisútvarpið hf. sem lagt hefur verið fram á Alþingi. Málvísindastofnun sér ekki ástæðu til að gera athugasemdir við frumvarpið að öðru leyti en því að benda á eftirfarandi atriði:

Mjög mikilvægt er að hlutur innlends dagskrárefnis í útvarpi og sjónvarpi sé sem mestur og að til þess efnis sé vandað sem verða má. Málvísindastofnun telur að mikilvægi innlends dagskrárefnis og innlendrar dagskrárgerðar fyrir íslenska tungu verði seint ofmetið. Því er mikilvægt að kveðið sé á um þetta atriði í útvarpslögum.

Í 6. grein frumvarpsins stendur: „Efni á erlendu máli, sem sýnt er í sjónvarpsdagskrá Ríkisútvarpsins hf., skal **jafnan** fylgja íslenskt tal eða texti á íslensku eftir því sem við á hverju sinni.“ Málvísindastofnun lýsir áhyggjum yfir orðinu „jafnan“ í þessari málsgrein og kysi heldur að það væri bundið í lögum að erlendu efni skuli **ætið** fylgja íslenskt tal eða texti á íslensku nema þegar það er ógerlegt, t.d. þegar sýnt er beint frá atburðum.

F.h. Málvísindastofnunar,

Sigríður Sigurjónsdóttir

Sigríður Sigurjónsdóttir forstöðumaður.